



Verklagsreglur vegna styrkja fyrir frístundaakstur

Samþykktar á fundi fræðslu- og lýðheilsuráðs 24. janúar 2022

Íþrótta- og tómsfundafélög á Akureyri geta sótt um styrki til Fræðslu- og lýðheilsusviðs Akureyrarbæjar (FLSA) vegna rekstur og starfsemi frístundaakstur fyrir sína iðkendur innan og á milli íþrótta/tómsfundamannvirkja á Akureyri.

Styrktartímabilin eru tvö;

- Haust => ágúst til og með desember
- Vor => janúar til og með maí

Í lok hvers tímabils skulu styrkþegar skila inn greinargerð til FLSA um verkefni líðandi tímabils, s.s. fyrirkomulag, nýtingu og þátttöku, kostnað og annað sem vert er að tiltaka um verkefnið.

Umsóknir

Umsóknir um styrki skulu berast til FLSA fyrir 1. júní vegna hausttímabilsins og fyrir 1. október vegna vortímabilsins.

Almennt viðmið er að þeir sem fá styrk vegna þessa hafi að lágmarki 25 iðkendur sem nýti frístundaakstur og sæki nemendur í a.m.k. tvo grunnskóla innan Akureyrar. Samstarf milli félaga um frístundaakstur styrkir umsóknir.

Í umsóknum um styrk skal m.a. eftirfarandi koma fram:

- Nafn félags og deild
- Áætlaður fjöldi iðkenda sem mun nýta akstur félagsins og aldur/bekkir
- Fyrirkomulag akstursins, s.s.
 - Fjöldi daga sem skal ekið og hvaða vikudaga, tímasetningar
 - Fjöldi skóla sem er ekið í/til
 - Fjöldi ferða á dag (er sumum ekið báðar leiðir og öðrum ekki o.s.frv.)
 - Fjöldi bíla í akstri
- Kostnaðaráætlun
 - Kostnaður við leigu á rútu
 - Starfsmannakostnaður

Við úthlutun styrkja er tekið tillit til eftirfarandi þátta í reiknilíkaninu:

- Iðkenda fjöldi sem nýtir akstur félagsins, rútu fjöldi, fjöldi skóla sem er ekið til/í, vikufjöldi akstursins og kílómetrafjöldi á viku.
- Kostnaðaráætlun sem félagið skilar inn með umsókn.

Annað

Styrkþegi skal tryggja að öll ökutæki sem sinna frístundaakstri séu vottuð af bifreiðaskoðun og með öryggisbelti í hverju sæti.

Styrkurinn er skilyrtur til notkunar í verkefnið um frístundaakstur iðkenda. Heildarupphæð styrkja í verkefnið er háð fjárhagsáætlun Fræðslu- og lýðheilsuráðs hverju sinni.

Reiknilíkan til viðmiðunar til úthlutunar styrkja vegna frístundaaksturs

Forsendur skiptast í 5 þætti:

- Hámarksfjöldi sem gæti nýtt sér frístundaksturinn 35%
- Rútufjöldi sem félög nota í verkefnið 5%
- Fjöldi skóla sem félögin sækja iðkendur 5%
- Fjöldi vikna (að hausti og að vori) 20%
- Samtals kílómetrafjöldi sem ekið er vikulega 35%

Innan hvers þáttar er hluti styrkupphæðar í samræmi við %-vægi þáttarins sem svo deilist þannig niður á umsækendur innan hvers þáttar sem að endingu gefur samanlagða styrktarupphæð til félagsins í verkefnið.

Forsendur

Hlutfall kr.	1.400.000	200.000	200.000	800.000	1.400.000
Hlutfall forsenda %	35%	5%	5%	20%	35%
Félag/Deild	Iðkendafjöldi	rútufjöldi	fjöldi skóla	Vikufjöldi	kílómetrafjöldi á viku
Félag/deild					

Prósentur

Hlutfall kr.	1.400.000	200.000	200.000	800.000	1.400.000
Hlutfall forsenda %	35%	5%	5%	20%	35%
Félag/Deild	Iðkendafjöldi	rútufjöldi	fjöldi skóla	Vikufjöldi	kílómetrafjöldi á viku
Félag/deild					

Krónur og styrkir

Hlutfall kr.	1.400.000	200.000	200.000	800.000	1.400.000	Samtals
Hlutfall forsenda %	35%	5%	5%	20%	35%	
Félag/Deild	Iðkendafjöldi	rútufjöldi	fjöldi skóla	Vikufjöldi	kílómetrafjöldi á viku	
Félag/deild						